

REGLUR

um breyting á reglum nr. 510/1990, um einfaldari tollmeðferð á vörum.

1. gr.

Í 2. mgr. 7. gr. reglnanna falli 4. málsl. niður jafnframt því sem 3. málsl. orðist svo:
Dráttarvextir af vangreiddum aðflutningsgjöldum skulu reiknaðir frá tollafgreiðsludegi samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 61/1989.

2. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 148. gr. tollalaga nr. 55/1987 og öðlast gildi 1. janúar 1993.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1992.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

REGLUGERÐ

um greiðslu barnabóta á árinu 1993.

1. gr.

Á árinu 1993 skal ríkissjóður greiða barnabætur vegna hvers barns innan 16 ára aldurs sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Barnabætur samkvæmt 1. gr. skulu á árinu nema 8 920 kr. með fyrsta barni en 27 669 kr. með hverju barni umfram eitt.

Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 29 027 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 66 977 kr. með fyrsta barni. Með börnum umfram eitt skulu barnabæturnar vera 71 211 kr., en þó 29 027 kr. hærri sé það yngri en 7 ára. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

3. gr.

Fjárhæðir barnabóta samkvæmt 2. gr. skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama ári vegna barnsins.

4. gr.

Framfærandi barns telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir